

1872.

16. febrúar.

18. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt- mannsins yfir Íslandi, um skemmdir í varpeynni Vigur.

Sem konungsfulltrúi á alþingi Íslendinga í fyrra hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað með álitsskjali yðar, dagsettu 16. októbr. f. á., bænarskrá nokkra, sem kom til alþingis og vísað var forsetavegin til yðar¹, en í bænarskrá þessari ber presturinn að Stafafelli í Austur-Skaptafellssýslu, sèra Bjarni Sveinsson, sig upp undan úrskurði stiptsyfirvaldanna 17. febr. f. á. viðvíkjandi æðarvarpinu í Vigur².

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðið fellst á fyrnefndan úrskurð stiptsyfirvaldanna í málinu, og skal því við bætt, að stjórnarráðið heldur ekki hefir til umráða neinn sjóð, er fjárstyrkur sá, er prestur hafði mælt til að fá, yrði goldinn úr. Stjórnarráðið verður samt að bera undir yður, herra stiptamtmaður, hvort eigi sè ástæða til að leiða athygli foringjans fyrir hinum frakknesku herskipum við Ísland sèrstaklega að því, að frakkneskir fiskimenn aptur og aptur hafi reynt til að hafa í frammi rán í eyjunni Vigur, og mælast til þess við hann, að það verði fyrirbyggt upp frá þessu.

21. febrúar. 19. Auglýsing um heimtingu á gjaldi því, sem fyrir er mælt um í tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, 12. febrúar 1872. (á Íslenzku og Dönsku).

Samkvæmt valdi því, sem dómsmálastjórninni er veitt í tilskipun, 12. þ. m., um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, 4. grein, skal svo mælt fyrir, að heimting á gjaldi því, sem getið er um

¹) Tíðindi frá alþingi 1871, II., 184--189.

²) Úrskurður þessi er prentaður í Tíðindum frá alþingi 1871, II., 188--189.

1872.

21. febrúar.

í 3. grein tæðrar tilskipunar, skuli byrja í öllum ömtum Íslands á manntalsþingum vorið 1873, þannig að heimtaður verði á þeim og framvegis á hinum árlegu manntalsþingum fyrst um sinn 1¹/₂ sk. af hverju jarðarhundraði eftir hinni nýju jarðabók. Skulu hlutaðeigandi amtmenn fyrst um sinn hafa umráðin yfir fê því, er með þessu móti fæst, hver fyrir sitt amt, og árlega semja reikning yfir það, og senda hann dómsmálastjórninni.

Þetta skal hérmeð kunngjört til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálastjórninni, 21. dag febrúarmánaðar, 1872.

Fr. Krieger.

Fr. Reinhardt.

20. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt— 26. febrúar. mannsins og biskupsins á Íslandi, um breytingu á reglugjörð prestaskólans.

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar er 19. p. m. allramildilegast fallizt á:

að reglugjörð, sem gilda á fyrst um sinn fyrir prestaskólann,

30. júlí 1850¹, skuli breytt á þá leið,

að 5. grein verði svo látandi:

„Kennslunni skal þannig til haga, að henni verði aflokið á tveim árum; samt skal það ekki fyrirmunað þeim, sem æskja þess, að halda áfram námi sínu um lengri tíma“;

og að 6. grein verði alveg felld úr.

Þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, til vitundar, útaf bréfi yðar, dagsettu 17. nóvbrm. f. á., yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það.

¹) Lovsaml. for Island XIV, 537—548.